48. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austur-umdæminu, um drátt á alþingiskosningum í Húnavatnssýslu.** 1859. 14. október.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent álit hlutaðeiganda sýslumanns um það, hverjum væri að kenna um drátt þann, sem seinast varð á að velja alþingismann og varaalþingismann fyrir Húnavatnssýslu. Þèr hafið og í brèfi, dags. 16. júlí þ. á., látið það álit í ljósi, að eptir því sem fram væri komið í máli þessu, mundi ekkert frekara við það að gjöra, nema að svo miklu leyti sem stjórnin vildi láta leggja ríkt á við hlutaðeigandi presta, að gæta betri reglu, þegar semja skyldi kjörskrár næsta sinn.

Í þessu tilliti látum vèr yður vita, að eptir því sem á stendur virðist að sönnu ekki næg ástæða til, að láta hlutaðeigendur sæta ábyrgð fyrir aðferð þeirra í máli því, er hèr ræðir um; en þareð kjörskrárnar úr Hjaltabakka, Hofs og Höskuldstaða prestaköllum eptir skýrslu sýslumannsins ekki eru dagsettar fyr en í ágústmánuði, og frá Hofs og Höskuldstaða prestunum ekki komnar til sýslumannsins fyr en seinast í þessum mánuði, þó að hann þegar í byrjun júnímánaðar hefði boðið að senda sèr þær innan júlímánaðar loka, þá finnur stjórnin ástæðu til, til að koma í veg fyrir slíka óreglu framvegis, að mælast til við yður, herra amtmaður, að leggja ríkt á við fyrnefnda þrjá hlutaðeigandi sóknarpresta, að ljúka í tækan tíma störfum þeim, sem hèr ræðir um, og þeir eru skyldir til að lögum.

---

49. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Norður- og Austur-umdæminu, um uppbót til eins umboðsmanns fyrir þann halla, er hann hafði liðið sökum verðlags á vörum.** 15. október.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Skúlasyni, umboðsmanni Skriðu klausturs; sækir hann um að fá uppbót á skaða þeim, er hann hefur orðið fyrir, af því að undanfarin reikningsár hefur verið svo mikill munur á gangverði